



## Framkvæmdir á nýjum Suðurlandsvegi ganga vel



Í apríl 2020 var skrifað undir Iwerksamning við ÍAV um áframhaldandi framkvæmdir við Hringveginn milli Biskupstungnabrautar og Hveragerðis. Verkið er nýbygging og endurgerð

á núverandi hringvegi ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. „Allt gengur ljómandi vel og er á áætlun og jafnvel aðeins á undan. Við erum núna að byrja á fyrstu brúnni í þessum hluta verksins, brú sem liggur yfir Gljúfurholtsá. Þá erum við að fara að byrja á undirgöngum þar sem hringvegurinn þverar Ölfusveginn niðri við Kotströnd. Þá er búið að klára hringtorgið við Biskupstungnabrautina. Nú er verið að bíða eftir því að fargið sem sett var í vegstæðið við Ingólfsfjall sígi niður og við áætlum að það verði eitthvað fram á mitt sumar. Svo verður fargið tekið upp áður en vegavinnan hefst,“ sagði Oliver Claxton, verkefnastjóri jarðvinnu hjá ÍAV í samtali við Dagskrána. -gpp

## Set styður myndarlega við Krabbameinsfélag Árnessýslu

Set á Selfossi hefur gert samstarfssamning til þriggja ára við Krabbameinsfélag Árnessýslu. Fyrirtækið mun í stað beins framlags styðja við starfsemina með þriggja ára samningi. Við undirritun samningsins sagði Svanhildur Ólafsdóttir, formaður félagsins; „Við erum gríðarlega þakklát fyrir þennan styrk og samstarfið er afar þýðingarmikið fyrir félagið. Þetta tryggir félaginu tækifæri til að eflast og stækka. Bæði hvað varðar að halda úti góðri aðstöðu og þjónustu fyrir þá sem sækja til félagsins. Þá hefur félagið, þrátt fyrir Covid-19 verið sýnilegt í samfélaginu og eflst. Verið meira til staðar, hvort sem það hefur verið fyrir þá sem hafa lokið meðferð, eru í meðferð og aðstandendur. Ykkar



Pau Svanhildur Ólafsdóttir formaður félagsins og Elías Örn Einarsson þjónustu- og öryggisstjóri Set undirrituðu samninginn.

styrkur gefur okkur færi á að styðja áfram með myndarlegum hætti við þá sem þurfa á þjónustu okkar að halda.“ Bergsteinn Einarsson, forstjóri Set sagði í samtali við blaðamann að styrkur með þessum hætti væri nýlunda hjá fyrirtækinu í stuðningi við

velferðarfélag. „Hugmyndin kom til í samtali Svanhildar og Reynis Guðmundssonar, fjármálastjóra Set að útfæra þetta með þessum hætti. Það er orðið að veruleika og við erum afskaplega stolt af samstarfinu og væntum góðs af því.“ -gpp



## Verzlunin Fresía opnar á Eyraveginum á Selfossi

Verzlunarflóran á Selfossi heldur áfram að eflast, en Guðný Björk Pálmadóttir, hönnuður og innanhúsráðgjafi, hefur opnað nýja verslun á Eyravegi 15 á Selfossi sem ber heitið Fresía. Guðný opnaði dyrnar að versluninni formlega þann 2. febrúar sl. „Ég hef þegar fengið frábærar viðtökur og ég hlakka mikið til að kynna Selfyssingum og öðrum nærsveitungum,“ segir Guðný.

### Ákvað að láta drauminn rætast

„Undanfarin ár hef ég unnið að því að byggja upp mitt eigið vörumerki, Fabia Design. Þá hefur lengi blundað í mér að opna verslun þar sem ég gæti selt mínar eigin vörur,“ segir Guðný Björk. Guðný segir blaðamanni frá því að aldrei sé eins og rétti tíminn sé til að taka svona skref eins og að opna verslun. „Það var núna í enda árs 2020 sem dyrnar opnuðust fyrir þessu verkefni

og ákvað að stökkva til og láta drauminn rætast.“ Fresía er gjafavörusverslun, en þar hefur Guðný einnig góða aðstöðu til þess að halda uppbyggingu á vörumerki sínu, Fabia, áfram.

### Eitthvað öðruvísi í boði

Samkvæmt Guðnýju verður mikil áhersla lögð á að búa til rólegt og heimilislegt umhverfi í búðinni. Spurð um hvernig lýsa mætti versluninni í fáum orðum segir Guðný: „Það mætti segja að stíllinn sé skandinavískur bóhem stíll. Ég býð uppá vörur sem eru sérstakar og kannski smá öðruvísi. Þó eru einnig hefðbundið hlutir inni á milli. Það er óhætt að segja að hér sé full verslun af hlutum til að fegra heimilið en hugmyndin er einnig að þú getir komið og tekið með tilbúna gjafir sem henta t.d. í matarboðið eða afmælisveisluna, segir Guðný að lokum. -gpp

**Fáðu fagmann í verkið**

**PÍPULAGNIR HELGA**

Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656

**Toyota Selfossi**

**FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA**

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI

**TOYOTA SELFOSSI**  
Fossnesi 14, Selfossi,  
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is

# LAGERHREINSUN

## MIKILL AFSLÁTTUR NÝJAR VÖRUR STEYMA INN

**LINDIN**  
TÍSKUVERSLUN  
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800  
[www.tiskuverslun.is](http://www.tiskuverslun.is)

ÍSLENSKT

LÁTTU ÞAÐ GANGA



**UNDRALAGNIR**  
ÖLL ALMENN PÍPULAGNINGAÞJÓNSTA  
SÍMI 8484768  
UNDRALAGNIR@GMAIL.COM  
JÓN KARL LINDAL PÍPULAGNINGAÞJÓSTARI



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

### Álagning fasteignagjalda 2021

Álagningu fasteignagjalda í Sveitarfélaginu Árborg fyrir árið 2021 er nú lokið.

Eins og undanfarin ár verða hvorki sendir út álagningar-seðlar né greiðsluseðlar fyrir fasteignagjöldum ársins 2021.

Álagningarseðlar eru birtir rafrænt á vefsíðunni [island.is](http://island.is) undir „Mínar síður“. Innskráning er með rafrænum skilríkjum eða íslykli. Sem fyrr birtast kröfur vegna fasteignagjalda í netbanka greiðanda og greiðsluseðlar undir rafræn skjöl.

Allar nánari upplýsingar um álagningu fasteignagjalda og innheimtu eru veittar á skrifstofu sveitarfélagsins í síma 480 1900 eða á netfangið [arborg@arborg.is](mailto:arborg@arborg.is).

*Ingibjörg Garðarsdóttir,  
fjármálastjóri.*

## Bryndís í Lindinni á Selfossi fær þakkarviðurkenningu FKA

Bryndís Brynjólfssdóttir stofnandi Lindarinnar tískuverzlunar á Selfossi hlaut þakkarviðurkenningu Félags kvenna í atvinnulífnum (FKA) á dögunum. Við slógum á þráðinn til Bryndísar til að heyra viðbrögð hennar við verðlaununum. „Þegar maður fær svona viðurkenningu þá fyllist maður bara auðmýkt og þakklæti, það er ekki neitt annað hægt.“ Bryndís segist aðspurð síst hafa átt von á því að fá viðurkenningu fyrir störf sín. „Ég er bara þakklát og ánægð,“ segir Bryndís. Þá segir hún að það sé gott að geta verið öðrum fyrirmynd á einhvern hátt. „Það er gaman að geta sýnt í verki og vera fyrirmynd fyrir aðra að allt er hægt,“ segir Bryndís og skellir upp úr og segir: „Fyrst að þessi kerling gat þetta þá get ég gert þetta líka.“ Þegar talið berst að öllum árunum í rekstrinum er Bryndís ekki í vafa um að það sé hennar heppni að hafa gott fólk í kringum sig: „Maður hefur verið heppinn í rekstri, með gott starfsfólk og tryggja viðskiptavinum, á því byggir þetta allt saman,“ segir Bryndís að lokum.

### Þessi kona er þverskurður af því sem skiptir máli í atvinnusköpun

Viðurkenningarhátið FKA 2021 var með öðru sniði en áður og var sjónvarpað á sjónvarpsstöðinni Hringbraut. Veittar eru viðurkenningar í þremur flokkum, en Þakkarviðurkenning FKA



er veitt konu fyrir eftirtektarvert ævistarf sem stjórnanda í atvinnulífnum. Bryndís er svo sannarlega vel að þessari viðurkenningu komin en í umsögn dómnefndar kemur fram: „Bryndís stofnaði verslunina Lindina árið 1974 og hefur starfað þar æ síðan og skapað atvinnutækifæri fyrir konur í heimabyggð. Þetta var í kjölfarið á því að hagir hennar breyttust óvænt og foreldrar hennar ákváðu að selja Tryggvaskála, þar sem hún

hafði starfað fram að því, ákvað hún bara að finna sína eigin leið til að hafa næga atvinnu. Þessi frábæra kona er þverskurður alls sem skiptir máli í atvinnusköpun. Hún er fyrirmynd, snjöll, áráðin, drífandi og þrautseig. Á þessum tímum er mikilvægt að vekja athygli á mikilvægi einkaframtaksins sem er án vafa það sem mun drífa þjóðina upp úr þeirri lægð sem nú ríkir á íslenskum atvinnumarkaði.“

### Þeir yngstu og þeir elstu í samstarf í Árborg?

Það barst erindi til fræðslunefndar sveitarfélagsins Árborgar þar sem fram kom að bréfritari, Bergþóra Haralds Eidsdóttir óskaði eftir að bilið milli leikskólabarna og eldri borgara yrði, með hjálp sveitarfélagsins, brúað betur. Erindið hefur mælst vel fyrir innan sveitarfélagsins og fræðslustjóra verið falið að svara bréfritarara. „Það var jákvæð umræða um frekara samstarf milli kynslóða enda eru fjölmörg tækifæri á því sviði. Bæði gagnvart leik- og grunnskólabörnum.“





# Skalli

*Sá svalasti í bænum*

**Stór pizza með  
premur áleggstegundum  
á aðeins 1.449 kr.  
alla daga í febrúar**

# Nýr og betri vegur um Mýrdal

Það voru mikil gleðitíðindi þegar sitjandi ríkisstjórn með Sigurð Inga Jóhannsson samgönguráðherra og formann Framsóknarflokksins í broddi fylkingar raut áralanga kyrrstöðu í samgöngumálum. Mikil áform eru uppi um vegabætur á Suðurlandinu enda fara hér að jafnaði margir um. Það voru okkur Mýrdælningum sérstök gleðitíðindi þegar Alþingi samþykkti nýja samgönguáætlun sem gerði ráð fyrir nýjum láglendisvegi um Mýrdal. Í kjölfarið hefur Vegagerðin hafið umhverfismat framkvæmda fyrir veginn sem er mikilvægur og stefnumarkandi áfangi.

Ég ber fulla virðingu fyrir því að andstæðingar nýs láglendisvegur um Mýrdal skuli standa fastir á sínum skoðunum og að landeigendur standi vörð um sína hagsmuni. Það er sjálfsagður réttur hvers manns. Að því sögðu þá þykir mér ekki mikill bragur á því þegar dylgjáð er um meintan hrottaskap þeirra sem berjast fyrir samgöngubótum eins og gert hefur verið í fjölmiðlum eða að kasta fram örökstuddum fullyrðingum um eineltistilburði. Í stað þess að feta þær ógöngur ætla ég hér að gera grein fyrir sjónarmiðum okkar sem eru fylgjandi framkvæmdinni á málefnalegan hátt.

Fjórar meginástæður eru fyrir því að ég tel nýjan láglendisveg með jarðgöngum í gegnum Reynisfjall vera framtíðarlausn á erfiðum kafla hringvegjarins:

## 1. Þjóðvegur 1 klýfur ekki lengur byggðina í Vík

Þegar fjöldi bíla sem keyra í gegnum Víkina eru orðnir á bilinu 4 – 5 þúsund á sólarhring þá er ekki að furða að margir foreldrar í efri byggð bæjarins kjósi að keyra börn sín í og úr skóla. Það er óásættanlegt að gangandi vegfarendur séu oft og tíðum í lífshættu þegar þeir þurfa að þvera þjóðveginn. Núverandi

vegstæði býður ekki upp á neinar varanlegar lausnir við þessu vandamáli. Fyrir ekki svo löngu síðan gáfu hemlar í flutningabíl sig með þeim afleiðingum að hann þaut stjórnlaust niður brekkuna inn í bæinn og endaði á hliðinni við vegamót Víkurbrautar. Mikil mildi er að ekki voru fyrir aðrir bílar eða gangandi vegfarendur.

## 2. Sneitt er framhjá veðravíti og bröttum brekkum

Núverandi vegstæði fer um Skarphól sem er varasöm brekka með 10% halla og um Gatnabrún sem er með 12% halla og er á lista Vegagerðarinnar yfir hættulegustu beygjur á hringveginum og vel þekktur farartálmi. Þegar komið er upp Gatnabrúnina tekur við vegurinn norðan Reynisfjalls og á milli þess og Höttu þar sem oft myndast miklir sviptivindar og algengt er að veginum þar sé lokað að vetri til vegna óveðurs. Ný veglína fer suður fyrir þessa staði og í stað mun vegurinn liggja allur á láglendi með göngum í gegnum Reynisfjall. Þetta stóreykur öryggi vegfarenda sem þurfa daglega að aka þessa leið, þ.m.t. skólabil.

## 3. Samsetning umferðar

Hér á suðurströndinni höfum við horft upp á gríðarlega fjölgun erlendra ferðamanna og samfélagið hefur verið duglegt að byggja upp í kringum ferðabjónustuna. Það gefur augaleið að flestir þeir ferðamenn sem leggja leið sína hingað eru ekki vanir þeim akstursskilyrðum sem íslensk veðráttu getur boðið upp á. Hér í Mýrdal hafa hótél og gistiheimili verið fullbókuð um vetrarmánuði þegar verstu veðrin ganga yfir. Við höfum margoft þurft að loka veginum um Reynisfjall á meðan aðrir kaflar þjóðvegjarins hafa haldist opnir.

Einar Freyr  
Elínarson

oddviti  
Mýrdalshrepps



## 4. Umhverfismál

Nýr láglendisvegur um Mýrdal styttr hringveginn um 3,5 km. Sú tala er hins vegar langt frá því að lýsa raunverulegri styttingu í akstri fyrir stóran hluta þeirra sem aka um Mýrdalinn. Stór hluti þeirra sem sækja okkur heim fara niður að Dyrhólaey og í Reynisfjöru. Fyrir þann sem fer á báða staði myndi ný leið spara um 12,5 km til viðbótar í akstri. Við sem huga viljum að umhverfismálum hljótum að líta til alls þess sem sparast þannig í mengandi útblæstri.

Nýja leiðin er um leið hliðholl umhverfinu á þann hátt að hún fer ekki nema að litlu leyti um óraskað land heldur er hún áætluð meðfram Dyrhólaós en eins og allir vita sem farið hafa um svæðið þá er landið norðan við væntanlegan veg framræst mýrlandi. Þá mun vegurinn liggja ofan við Víkurfjöru og það verður gaman að sjá hvaða útfærslur verða lagðar til þar en allir vita jú líka að Víkurfjaran er fjarri því að vera ósnortin. Þar hafa verið reistir stórir sandfangarar út í sjó til að sporna við landrofi og ófá handtök mannsins sem hafa verið unnin við landgræðslu til að sporna við sandblæstri.

Sú áhersla sem ríkisstjórnin hefur lagt á samgöngumál hefur glatt mörg landsbyggðarhjúrtu og á það svo sannarlega við hér í Mýrdalnum. Hafin er smíði nýrrar tvíbreiðrar brúar yfir Jökulsá á Sólheimasandi og við bíðum spennit eftir því að geta vel undirbúin tekið á móti enn fleiri ferðamönnum en áður og haldið áfram uppbyggingu samfélagsins.



Matgæðingur vikunnar er  
**Guðmundur Björgvinsson.**

Ég þakka félagamínnum Róberti fyrir að tilnefna mig. Þar sem ég er ekki stórtækur í eldamennskunni á mínu heimili, þá er þetta ansi mikil áskorun fyrir mig. Við verslum mikið við strákana í *Villt og alið* á Hellu, enda eru engir betri en þeir þegar kemur að góðum steikum og ýmsu meðlæti. Þangað sótti ég uppáhalds steikina mína; nauta-ribeye og fékk einnig hjá þeim Gewurzsalz Argentinien salt, sem er tilbúið kryddblanda og passar frábærliga með þessari steik sem og Bearnaise-sósa. Þannig byrjum við:

## Nauta ribeye

frá *Villt og Alið*, passlegt magn fyrir þann fjölda sem er í mat hverju sinni.

Takið steikurnar tímanlega úr ísskápnum, þannig að þær nái stofuhita. Kryddið steikurnar með kryddinu góða Gewurzsalz Argentinien og stillið grillið á hæstu stillingu. Þegar grillið er orðið vel heitt, eru steikurnar settar á það, gott er að hafa grillið að mestu opið á meðan á grillun stendur. Snúið steikunum á 2 mínútna fresti. Ég vil hafa mína steik „medium rear“ sem þýðir að það þarf 8 mínútna grillun. Takið steikurnar af grillinu og leyfið þeim að jafna sig í ca. 3-5 mínútur. Penslið með smjöri og berið fram.

## Brokkolisalat fyrir 4

1 brokkolihaus  
2-3 matskeiðar af ristudum furuhnetum  
125 gr. beikon  
½ rauðlaukur



## Salat dressing

100 gr. majones  
100 g sýrður rjómi  
1 1/2 msk. hvítvínseðik  
1 msk. sykurl  
saltið og piprið eftir smekk

Fjærlægið brokkolístöngulinn og skerið brokkolíð í litla bita, fínskerið rauðlaukinn og setjið í skál með brokkolínu.

Skerið beikonið í bita, steikið á pönnu og látið það svo á pappír til að ná olúnni af því áður en það er sett í skálina með brokkolínu og lauknum.

Hrærið saman majonesið og sýrða rjómann. Hrærið edikið saman við majones/sýrða rjóma-blönduna og setjið loks sykurl, salt og pipar saman við, allt eftir smekk. Blandið svo dressingunni saman við brokkolisalatíð.

Steikina ber ég fram með kaldri Bearnaise-sósu frá *Villt og alið* og krullufrönskum sem hitaðar hafa verið í ofni.

Ég skora á Berg Jónsson á Syðri-Gegnishólum

Matgæðingar eru beðnir að senda á [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is) uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss,  
sími 482 1944, [dagskrain@prentmet.is](mailto:dagskrain@prentmet.is).  
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673,  
[gpp@prentmetoddi.is](mailto:gpp@prentmetoddi.is).

Auglýsingar: Katla Harðardóttir,  
sími 482 1944, [skh@prentmetoddi.is](mailto:skh@prentmetoddi.is)

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfossi, fyrir hádegis á mánuðögum.

Upplag: 8700 eintök.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858



Vísnaátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókauktgáfan SKRUDDA

## Gáta vikunnar


Ég er bæði orf og ljár,  
orðsending er til þín fer.  
Að þinni ósk ég kem á krár,  
og kristindómsins lögmál er.

Svar við gátu í blaði 2582: **ANDI**.  
1. lína: **Vínandi** - 2. lína: **Heilagur andi**  
3. lína: **Nemandi** - 4. lína: **Aldarandi**

**82%**

Sunnlendinga  
lesa Dagskrána  
í hverri viku\*

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS



\*samkvæmt Gallup-könnun október-nóvember 2018

KJÚKLINGA  
BORGARI  
*Mál tíð*

Crispy chicken burger

**1.795 kr.**



Gos úr vél frá CCEP fylgir með

*Sunnudags  
tilboð*

FJÖLSKYLDU  
TILBOÐ  
*Take away*

**Family special**

**4.495 kr.**



\*2 lítri í plasti frá CCEP fylgir með

Tilboð gilda út febrúar 2021

N1 Hvolsvöllur



Nestlé



## Verkamenn óskast

Pálmatré ehf. óskar eftir dugmiklum verkamönnum til starfa við byggingaverkefni á Selfossi.

Purfa að vera heilsuhausstir, stundvísir og áhugasamir um fjölbreytta vinnu með góðum hópi manna.

Áhugasamir sendi tölvupóst á [palmatre@palmatre.is](mailto:palmatre@palmatre.is) eða hafi samband í síma 898 9313.




Opunarhelgi í Listasafni Árnésinga  
6. - 7. febrúar frá 12:00 -17:00.



### тройка

Kristján Steingrímur, Pétur Magnússon  
& Tumi Magnússon



### Rófurass

Bjargey Ólafsdóttir

Sýningarstjóri : Jonatan Habib Engqvist

Reglum um fjöldatakmarkanir er framfylgt með talningu gesta.

Safnið er opið alla daga frá 12 -17 nema mánudaga, ókeypis aðgangur.

Sjá nánar á [www.listasafnarnesinga.is](http://www.listasafnarnesinga.is)



# Ég er undarlega innréttaður í vali á bókum og höfundum -segir lestrarhesturinn Guðbjartur Ólason

Guðbjartur Ólason er miðaldra skólastjóri sem hefur einlægán áhuga á söfnun á þjóðdúkkum og þjóðlegum fróðleik. Að öðru leyti er hann ráðgáta.

### Hvaða bók ertu að lesa núna?

Ég er að lesa *Ævintýri góða dátans Svejks* eftir Jaroslav Hájek. Hef þann síð að endurlesa eina uppáhaldsbók við upphaf hvers árs. Að þessu sinni var það Dátinn sem varð fyrir valinu. Þessi síður er að mínum dómi svipað og hitta gamlan vin eftir langan aðskilnað. Stundum eru þessir endurfundir gleðilegir en það hendir samt að þeir hafi annað yfirbragð. En samt hefur hver endurfundur sinn blæ. Stundum eru bækur betri í minningunni og standa ekki undir fyrri kynnum við endurlestur enda er lesandinn ekki sá sami og var. *Góði dátinn* fyllir enn flokk þeirra bóka sem stendur fyrir sínu. Ég prófaði að lesa aftur *Ulysses* eftir James Joyce en við fyrsta lestur fannst mér sem um Fjallið eina væri að ræða en ég get fullyrst að einn lestur nægir mér. Hvað um það, *Góði dátinn Svejk* svikur engan nema kannski bara ömmu sína.

### Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Ég er orðinn mjög hrifinn af ljóðabókum í seinni tíð. Var síðast að lesa *Og hugleiða steina* eftir Sigfús Daðason sem var

jafnframt hans síðasta bók. Þá les ég töluvert af sagnfræðilegu efni það seinasta sem ég las var bók eftir Antony Beevor um spænsku borgarastyrjöldina. Svo dett ég í einstaka heimspekirit *Philosophy and the Mirror of Nature* eftir bandaríska heimspekninginn Richard Rorty var það síðasta sem ég las í þeim geira. Mæli með henni við alla verkhyggjumenn en aðra ekki.

### Ertu alinn upp við lestur?

Las þessa hefðbundnu bókaflokka eins og Enid Blyton, *Ævintýri Tinna* og Guðrúnu Helga-dóttur. En byrjaði ekki að lesa barnabækur að ráði fyrir en á unglingsárum þegar ég las *Hobbitann* fyrst og *Hringadróttinsögu* og kolféll fyrir sagnaheimi Tolkiens.

Maður var alinn upp í þessum bókmennta(fj)anda og honum haldið að manni frá barnæsku. Jú mikil ósköp, það var lesið fyrir mann þangað til maður leið út af. *Hamskiptin* eftir Franz Kafka er besta bók sem ég hef lesið, hana las ég þegar ég var þrettán ára og hún er enn á þeim stalli eftir ótal lestra.

Ég les þegar færi gefst, annars ekki.

### En eitthvað um lestrarvenjur þínar að segja?

Ég les þegar færi gefst, annars ekki.



Guðbjartur Ólason.

### Áttu þér uppáhaldshöfund?

Af ljóðskáldum eru það Jóhann Sigurjónsson, Jón Helgason, Einar Benediktson, Hannes Péturson og Jóhann Jónsson í þessari röð. Af skáld-sagnahöfundum eru það Franz Kafka, Halldór Laxness, Joseph Conrad, William Faulkner og Imre Kertész í þessari röð. Ég held upp á þessa höfunda vegna þess að ég hef þennan smekk og er undarlega innréttaður.

### En hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Það hefur komið fyrir til dæmis þegar ég las *Örlögleysi* eftir Imre Kertész í þýðingu Hjalta Kristgeirssonar, bróður Hergeirs heitins.

### Að lokum Guðbjartur, hvernig verk myndir þú skrifa sem rithöfundur?

Lélega stofurómana. Ef mig þryti ekki erindið.

Lestrarhestur númer 108.  
Umsjón Jón Özur Snorrason.

## Áheitaprjóni Kvenfélagsins Einingar lokið

Þessu verkefni Kvenfélagsins Einingar, Hvolhreppi er nú lokið og hefur gengið alveg ótrúlega vel og gefið okkur ómælda ánægju. Takmarkið var að prjóna 300 hluti á tímabilinu 1. nóvember til 1. febrúar. Konur bæði innan félags og utan hafa prjónað af fullum krafti og erum við nú búnar að prjóna nærri 500 stykki. Fyrir jól fórum við með 160 stk. og afhentum á valda staði í Reykjavík. Okkur langaði að koma þessu sem fyrst til þeirra sem þurfa virkilega á hlýjum flikum að halda. Við fengum sveitarstjórnann okkar til að votta að talan væri rétt og allt löglegt. Restin fer nú í byrjun febrúar. Þetta er búið að vera mjög skemmtilegt verkefni og hefur gefið okkur mikið. Við fórum af stað með verkefnið til að halda einhverri starfsemi í gangi þennan langa covid vetur og hefur það sannarlega gert það. Þó við höfum ekki getað hist neitt að ráði höfum við vitað að það eru konur um allt að vinna að þessu verkefni.



Prjónað af fullum krafti.

Við erum öllum þessum konum innilega þakklátar fyrir þeirra framlag og eins þeim sem gáfu okkur garn. Okkur reiknast til að nú séu konurnar búnar að prjóna í um 1800 stundir eða 45 vinnuvikur.

Við leitum eftir áheitum frá einstaklingum og fyrir-tækjum á svæðinu og á lands-vísu. Áheitasöfnun hefur gengið sémilega. Höfum fengið áheit frá mörgum einstaklingum en

fyrirtæki á svæðinu hefðu mátt taka betur þátt og styðja við bakið á okkur. En við þökkum öllum þeim sem hafa tekið þátt hjartanlega fyrir þeirra framlag.

Það verður hægt að leggja inn á áheitareikninginn til 10. febrúar ef einhver hefur misst af. Reikningsnúmer er:

0133-15-289, kt. 540601-2750  
Björgunarsveitinni Dag-renningu verður svo afhentur afraksturinn fljótlega.



#GenerationRestoration


 LAGSTEFJA MI SÁMFERÐI ENN HÁÐERHVA  
 ENDURHEIMT  
 VISTKERFA  
 2021-2023

# ÁRATUGUR ENDURHEIMTAR VISTKERFA ER HAFINN

Endurheimt votlendis stöðvar hundruð tonna  
koldíoxíðs árlega frá því að fara út í andrúmsloftið.  
Endurheimt eflir vistkerfi, fjölbreytt  
lífríki og varðveitir landgæði.

Kynntu þér starfsemi Votlendissjóðs  
á [votlendi.is](http://votlendi.is)

Kveðja Bríet.



Votlendissjóðurinn endurheimtir votlendi  
í samvinnu við Landgræðsluna



**FALLEGUR  
FEBRÚAR**  
Fegraðu heimilið  
með sandblásturs-  
filmum.

**FAGFORM**




**25%**  
AF SANDBLÁSTURSFILMUM  
Í FEBRÚAR




Heyrðu í okkur  
Sími: 482-3266 • fagform@fagform.is

Gerum allt merkilegt  
\*afsláttur er ekki veittur af uppsetningum

# 1. febrúar - Dagur kvenfélagskonunnar

Árlega halda kvenfélagskonur um land allt hátíðlegan 1. febrúar og kveðjur til þeirra heyrast á öldum ljósvakans frá mörgum sveitarfélögum, sem þakka þeim velunnin störf. Hvers vegna þessi dagur, spyrja margir. Því er til að svara, að þennan dag árið 1930 var Kvenfélagsamband Íslands stofnað til að verða samstarfsvettvangur allra kvenfélaga á Íslandi. Þau voru þá þegar orðin fjölmörg en fyrsta kvenfélagið, Kvenfélag Rípurhrepps, var stofnað árið 1869. Sunnlenskar konur voru engir eftirbátar og stofnuðu kvenfélag á Eyrarbakka árið 1888 og síðan áfram eitt af öðru. Kvenfélagskonurnar stofnuðu síðan Samband sunnlenskra kvenna árið 1928 og innan þess starfa nú 25 kvenfélög í Árnes- og Rangárvallasýslu með rúmlega 900 félagskonur.

Kvenfélagsamband Íslands er sameiningar og samstarfsvettvangur allra kvenfélaga á landinu. Innan þess eru 17 héraðssambönd með um 4000 félaga. Það gefur út tímaritið Húsfreyjuna og rekur einnig Leiðbeiningarstöð heimilanna, sem veitir fría ráðgjöf og upplýsingaöflun að öllu er varðar heimilisrekstur.

Kvenfélögin á Íslandi hafa alltaf látið sig varða ýmis málefni bæði í sínum nærsamfélögum og á landsvísu. Samkvæmt árskýrslum ársins 2019 námu gjafir allra kvenfélaga á Íslandi rúmum 62 milljónum króna sem runnu til líknar-, menningar-, mennta- og umhverfismála.

Þann 1. febrúar á síðasta ári fagnaði Kvenfélagsamband Íslands 90 ára afmæli sínu með því að ýta formlega úr vör landsöfnun undir heitinu „Gjöf til allra kvenna á Íslandi“. Þessi söfnun hefur staðið yfir síðan þá. Áætlað er að henni ljúki formlega núna 1. febrúar en hægt verður að leggja framlög

inn á söfnunarreikninginn til 15. febrúar. Því miður hefur Covid-19 sett stórt

strik í söfnunina en upphafsáætlunin var að ná 36 milljónum en þegar þetta er skrifað hafa safnast um 66% þeirrar fjárhæðar. Oft er þörf en nú er nauðsyn á að allir landsmenn standi saman.

Söfnunarreikningurinn er 513-26-200000, kt: 710169-6759. Heimastíða söfnunarinnar er: [www.gjofitilallrakvenna.is](http://www.gjofitilallrakvenna.is).

Kvenfélögin innan SSK hafa öll verið dugleg að leggja framlög inn á söfnunarreikninginn þegar haft er í huga að fjárflyunar- möguleikar þeirra voru mjög takmarkaðir á nýliðnu ári. Þó tókst Kvenfélagi Biskupstungna að efna til samkomu í Aratungu þann 1. febrúar á Degi kvenfélagskonunnar, sem nefnd var „Gyllum tilveruna“. Þangað mættu kvenfélagskonur úr báðum sýslum en ákveðið var að allur ágóði hennar rynni til söfnunarinnar. Jafnframt hafa mörg félögin verið dugleg að bjóða til kaups söluvörur söfnunarinnar, armbönd og súkkulaði. Þessar vörur eru enn til sölu og er hægt að nálgast þær enn hjá nokkrum kvenfélögum og á skrifstofu K.Í.

Söfnunin „Gjöf til allra kvenna á Íslandi“ snýst um tæki og tækni sem nefnast Milou og Astria. Þau tengjast fósturrítum og ómskoðunartækjum sem notuð eru við mæðravernd, fæðingar og skoðanir á kvenlíffærum. Möguleiki þessarar tækni kemur sér afar vel fyrir heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni sem sinna þessari þjónustu við konur. Þetta snýst um rafræna vistun á gögnum og möguleika á rafrænni tengingu við sérfræðinga á Kvennadeild

LSH þegar einhver vafaatriði koma upp. Það er heint ótrúlegt að árið 2021 geta heilsustofnanir landsins hvorki vistað né sent rafræn gögn á milli staða þegar kemur að heilsuöryggi kvenna. Afar brýn þörf er fyrir þessi tæki og tækni á öllu Íslandi, líka hér á Suðurlandi.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands er og hefur alltaf verið óskabarn SSK. Framlög til tækjakaupa þangað hafa verið tekin úr Sjúkrahússjóði SSK, sem stofnaður var árið 1952. Undanfarnin ár hefur fjármögnunarleiðin verið sala kvenfélaganna á kærleikseglum og jólakortum. Sú sala varð frekar dræm fyrir síðustu jól. Í haust kom beiðni frá HSU um kaup á súrefnismettunarmælum vegna Covid-19. Ánægjulegt var að geta reitt af hendi 1,5 milljón króna úr sjóðnum til þess verkefnis. Kvenfélagskonur á sambandsvæðinu hafa einnig frá árinu 2010 þrjónað og heklað gjafir fyrir nýbura á Suðurlandi. Ljósmeður á HSU hafa séð um dreifingu þeirra. Það eru því vonandi margir litlir Sunnlendingar sem hafa fundið yl af litilli húfu, vettlingum, sokkum o.fl. sem unnið hefur verið af kærleiksríkum kvenfélagshöndum.

Konur eru hvattar til að kynna sér störf kvenfélaganna í sínu byggðarlagi og leggja þeim lið. Kvenfélagskonur eru á öllum aldri og þær vita að sjálfboðin störf þeirra eru mjög mikilvæg samfélaginu á hverjum stað. Þær finna ætíð fyrir gleði og hamingju þegar þeim hefur tekist að safna nægum fjármunum til að geta gefið þangað sem þörfin er brýnust hverju sinni. Góð kvenfélagskona, gulli betri!

Elinborg Sigurðardóttir,  
formaður SSK



## Sunnulækjarskóli

Staða safnstjóra skólabókasafns við Sunnulækjarskóla á Selfossi er laus til umsóknar.

Einnig vantar kennara til að sinna forföllum í tímabundna ráðningu til vors.

Í skólanum eru um 740 nemendur og þar er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi.
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hæfni og áhugi á skólastarfi.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Kennsluréttindi vegna stöðu forfallakennara.
- Góð íslenskukunnátta.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launa- nefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Vakinn er athygli á stefnu Árborgar um að jafna hlutfall kynja í störfum hjá sveitarfélaginu.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans: <http://www.sunnulaekjarskoli.is> og hjá Birgi Edwald, skólastjóra í síma 480 5400.

### Umsóknarfrestur er til 8. febrúar 2021.

Sækja þarf um stöðuna á vef Sveitarfélagsins Árborgar: <http://starf.arborg.is>

Skólastjóri

## Sjóðurinn góði úthlutaði styrkjum til 278 aðila

Sjóðurinn góði er samstarfs- sverkefni kvenfélaga, Lionsklúbba, kirkjusókna, Rauðakrossdeilda og félagsþjónustunnar í Árnessýslu.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja einstaklinga og fjölskyldur í Árnessýslu sem höllum fæti standa og eiga ekki fyrir nauðþurftum. Úthlutað er úr sjóðnum tvisvar á ári, í desember vegna jóla og á vormánuðum vegna feringa.

Fyrir síðustu jól var úthlutað úr sjóðnum styrkjum til einstaklinga og fjölskyldna eins og gert hefur verið síðastliðin 12 ár.

Úthlutað var styrkjum til 278 aðila, einstaklinga og fjölskyldna sem fylgja 88 börn og er það umtalsverð fjölgun frá síðasta ári. Styrkuppþæðin var krónur 8.450.000. Margir, einstaklingar og fyrirtæki gáfu jólagjafir undir jólatré í bókasöfnunum á Selfossi og í Hveragerði og voru þær



gefna þeim sem fengu úthlutun.

Samstarfsaðilar Sjóðsins góða þakka af alhug öllum þeim sem styrktu sjóðinn með peningum, gjöfum og á annan hátt á árinu 2020. Það var nýlunda við úthlutunina að þessu sinni að styrkþegar fengu stóra matargjöf þegar þeir tóku við fjárstyrknum

– þökk sé Kaupfélagi Skagfirðinga.

Mörg fyrirtæki, stéttarfélag og stofnanir studdu Sjóðinn góða auk fjölda einstaklinga – sem hér fá þakkir.

Samstarfsaðilar  
Sjóðsins góða



## Skerðingar TR til eldri borgara nemur 35 milljörðum á ári



Halldór Gunnarsson, formaður kjararáðs Félags eldri borgara í Rangárvallasýslu.

Samkvæmt svari ráðherra við fyrirspurn á Alþingi var meðalupphæð ellilífeyris og heimilisuppbótar árið 2017 kr. 241.250 á mánuði frá TR. Greiðslur það ár, án skerðinga hefðu kostað ríkissjóð 101,9 milljarða, en ríkissjóður greiddi út 66,9 milljarða í ellilífeyri og heimilisuppbót. Skerðingarnar spöruðu ríkissjóði því um 35 milljarða það ár. Þar af spöruðu skerðingarnar vegna lífeyris- sjóðsgreiðslanna líklega um 70% af þeirri upphæð eða um 24 milljarða.

Loforð flokka í ríkisstjórnnum undanfarin 12 ár um bættan hag, hafa reynst markleysa. Kjör þeirra sem minnst hafa, eru skert mest. Markvisst er komið í veg fyrir að lífskjör hækki í samanburði við laun og lífsgæði annarra í landinu með skerðingu greiðslna frá TR á móti lífeyrisgreiðslum og fjármagnstekjum.

### Skerðingar til viðbótar:

1) Hækkun á greiðslum TR til ellilífeyrisþega í ársbyrjun hefur árlega verið skert mörg undanfarin ár miðað við verðlag tveggja ára á undan. Grunnlífeyrir hækkaði 1. janúar 2021 um 6,1% í kr. 266.033 á mánuði. Hækkunin var skilgreind 3,6%, miðað við óskiljanlegan útreikning hækkunar, líklega frá 2019, að viðbætti 2,5% hækkun, sem sambærilegir hópar fengu að lágmarki, vegna sömu hækkana á föstum aukatekjum ríkissjóðs og sveitarfélaga 2021. Skattleysismörkin voru lækkuð um kr. 3.836 á mánuði, eins og reyndar var einnig gert 2020, í bæði skiptin án umfjöllunar, sem bitnar mest á þeim sem minnst fá. Hækkun TR 1. janúar 2021 reyndist vera um kr. 10.000 á mánuði, sem eftir skattlagningu og með lækkuðum persónuafslætti skilja eftir af greiðslu TR, kr. 198.986, en hjá einstæðingum með heimilisuppbót kr. 245.270.

2) Greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins (TR) skerðast um 45% á móti lífeyris- sjóðsgreiðslum umfram kr. 25.000 á mánuði og vinnulaunum umfram kr. 100.000 á mánuði. Til viðbótar þeirri skerðingu á greiðslum frá TR, reiknast tekjuskattur á lífeyrisgreiðslurnar og vinnulaunin, þannig að skerðingin og skatturinn af greiðslum umfram

frítekjumarkið geta numið allt að 81,9%.

3) Lífeyrisgreiðslur til eldri borgara eru skattlagðar sem almennar tekjur frá 31,45% að 45%, þótt hluti af því fé, sem sjóðsfélaginn á í viðkomandi lífeyrissjóði, hafi áður verið skattlagður frá 1996 til 1988 og annar hluti hafi orðið til vegna vaxta og annarra hækkana fjármagns og ætti því að vera að hluta án skatts og að hluta með 22% fjármagnstekjuskatti, reiknað út á hvern einstakling.

4) Ofangreindar viðmiðanir um skerðingar hafa verið óbreyttar í fjögur ár. Þegar allt annað hækkar í gjöldum og launum eftir vísitölum og verðbólgu, þá ættu viðmiðunarfjárhæðir vegna frítekjumarks að hækka árlega miðað við það. Þessar óbreyttu skerðingar á greiðslum frá TR eru því ekkert annað en lækkuð á greiðslustöðu þessa fólks sem minnst fær.

5) Hún er ákvörðun um að skerða með sama hætti og að ofan greinir desemberuppbót og sumarorlof, sem TR greiðir til eldri borgara. Upphaflega var samið um að allir fengu þetta sem uppbót á laun, tryggingargreiðslur og bætur. Hverjum skyldi hafa dottið í hug við þá samninga, að skerðingarnar sem settar voru á þessar bætur árið 2008 yrði viðhaldið þannig árlega síðan?

## Siglum Þorlákshöfn í höfn

Það var ánægjulegt fyrir þungan þingmanninn, sem hafði verið nýkjörinn á Alþingi og kosinn af Alþingi til að sitja í umhverfis- og samgöngunefnd þingsins, að fá boð frá bæjarstjóra og hafnarstjóra Þorlákshafnar til að ræða málefni hafnarinnar. Ég fór sumarið 2013 ásamt Haraldi Einarssyni þáverandi þingmanni kjördæmisins og við hittum félagana á Hendar í Höfn þar sem hugmyndir um bætt og betri höfn voru ræddar og hvernig málinu yrði fylgt eftir á vettvangi Alþingis. Áður höfðu verið fluttar af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins þingsályktunartillögur um stórskipahöfn í Þorlákshöfn og hef ég verið meðflutningsmaður á slíkum tillögum nokkrum sinnum. Ég hef trú á því að sú verði raunin einn daginn að farið verði í enn frekari hafnarframkvæmdir við Þorlákshöfn þegar núverandi framkvæmdir hafa sannað sig.

Tekist hefur að stíga nokkur skref í síðustu samgönguáætlunum varðandi breytingu og eflingu núverandi hafnar í Þorlákshöfn. Bæjaryfirvöld í samstarfi við atvinnulífið hafa náð að hámarka nýtingu á þeim hafnarmannvirkjum sem eru til staðar og hefur

Vilhjálmur Árnason

Þingmaður Sjálfstæðisflokksins.



það sannað mikilvægi öflugra samgönguinnviða. Það hefur því verið gleðilegt að taka þátt í að koma enn frekari uppbyggingaráformum áfram inn í samgönguáætlun og fjármálaáætlunir Alþingis. Sú vinna hefur verið drifin áfram á skýrri sýn heimafélks og atvinnulífs á nýtingu þeirra tækifæra sem öflugir innviðir eins og vel staðsett höfn skapar. Með þá góðu reynslu, skýru sýn og vel unna heimavinnu bæjarstjóra og kjörinna fulltrúa í Þorlákshöfn hefur náðst góður skilningur hjá samgönguyfirvöldum, þingmönnum kjördæmisins og Alþingi á mikilvægi og nauðsyn þeirra framkvæmda sem nú eru í lokaundirbúningi og verður byrjað á að bjóða út núna á næstu mánuðum. Ég hlakka til að vinna áfram með ykkur að þessum mikilvægu verkefnum og sjá þau skila blómstrandi samfélagi þegar landfestarnar verða orðnar fastar.

# Auglýst er eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð Suðurlands

## Menningarverkefni

Bætt **menning**, **velferð** og **samstarf** svo lífsgæði eflist og mannlíf á Suðurlandi blómstri

## Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Öflugt atvinnulíf á Suðurlandi með aukinni **nýsköpun**, bættri **framleiðni** og fleiri fyrirtækjum

Kynnið ykkur **áherslur** og **úthlutunarreglur** sjóðsins á [www.sass.is](http://www.sass.is)

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT  
ÞRIÐJUDAGINN 2. MARS, KL. 16:00



### RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND

Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland. Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð við gerð umsókna.

@ STYRKIR@SASS.IS S. 480-8200 WWW.SASS.IS

Uppbyggingarsjóður er hluti af



SASS  
SAMTÖK  
SUNNLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA

Sunnudagur 7. feb  
**13:30 GRILL 66 KVENNA**  
 Selfoss - Afturelding  
**16:30 OLÍSDEILD KARLA**  
 Selfoss - Þór  
**HLEÐSLUHÖLLIN**

# Íþróttir

Efni sendist á [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is)

## Caity Heap í Selfoss

**KNATTSPYRNA** Knattspyrnudeild Selfoss hefur samið við bandaríska miðjumanninn Caity Heap um að leika með liðinu á komandi keppnistímabili.

Heap, sem er 26 ára gömul, er reynslumikill leikmaður. Hún var í sterku liði Texas Tech háskólans en eftir útskrift samdi hún við Houston Dash í bandarísku atvinnumannadeildinni og lék þar tímabilin 2016-2017. Eftir það hélt hún til Evrópu og lék eitt tímabil með Mallbackens í sænsku 1. deildinni áður

en hún gekk til liðs við tékkesku meistarana í Sparta Prag.


„Caity er mjög spennandi leikmaður með mikla reynslu frá bæði Bandaríkjunum og Evrópu. Þetta er vel spilandi miðjumaður, sem er jafnvíg á hægri og vinstri fót. Hún á klárlega að geta bætt spilið hjá okkur til mikilla muna. Það er mikil tilhlökkun hjá okkur héra á Selfossi að fá hana til okkar,“ segir Alfreð Elías Jóhannsson, þjálfari Selfoss.



# 82%

Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku

Fáðu tilboð í auglýsingar í s. 482 1944 eða á [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is).



**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

## Tap gegn Gróttu

**HANDBOLTI** Stelpurnar okkar töpuðu með sjö mörkum á Sel-tjarnarnesi á laugardaginn þar sem þær mættu Gróttu í fimmtu umferð Grill 66 deildarinnar.

Grótta komst í 7-3 í upphafi leiks en Selfoss náði að minnka muninn í 10-8 um miðjan fyrri hálfleikinn. Grótta jók forskotið fyrir leikhlé og var staðan 19-14 í hálfleik. Grótta hélt upp-teknum hætti í seinni hálfleik og Selfyssingar komust aldrei inn í leikinn. Lokatölur 35-28.

Mörk Selfoss: Lara Zidek 10, Agnes Sigurðardóttir 6, Elín Krísta Sigurðardóttir 5, Elínborg Katla Þorbjörnsdóttir 3, Inga Sól Björnsdóttir 2, Kristín Una



Elín Krísta skoraði fimm mörk gegn Gróttu. Ljósmynd: Umf. Selfoss/ÁPG

Hólmarsdóttir 1, Rákel Guð-jónsdóttir 1.

Selfoss situr áfram í 9. sæti deildarinnar með tvö stig.

Næsti leikur hjá stelpunum er á heimavelli gegn Aftureldingu í Hleðsluhöllinni sunnudaginn 7. febrúar.

-esó

**Sendibílar á Suðurlandi**

**Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu**  
 Heimsendingar - Vörudreifing - Búsíóðaflutningar - Ruslaferðir  
 Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - [keyrsla@keyrsla.is](mailto:keyrsla@keyrsla.is) - [www.keyrsla.is](http://www.keyrsla.is) - [f /keyrsla.is](https://www.facebook.com/keyrsla.is)



## Neysla koffíns getur verið varasöm börnum!

Neysla barna og ungmenna á koffíni t.d. í gegnum orkudrykki getur haft neikvæð áhrif á svefn og andlega líðan ásamt auknu álagi á hjarta-og æðakerfið ([www.mast.is](http://www.mast.is)).

Forvarnarhópur Árborgar



## Dagný til liðs við West Ham

**KNATTSPYRNA** Dagný Brynjarsdóttir er gengin til liðs við enska úrvalsdeildarfélagið West Ham en hún lék með Selfoss á síðasta tímabili.

Dagný er mikill stuðningsmaður West Ham og hefur hún stutt liðið frá blautu barnsbeini. Hún skrifar undir eins og hálfis árs samning við Lundúnarliðið sem leikur í efstu deild á Englandi.

Dagný hefur spilað 90 landsleiki fyrir Ísland og á hún að baki 170 leiki í íslenska boltanum. Hún hefur orðið Íslandsmeistari fjórum sinnum og bikarmeistari þrisvar. Þessa titla vann hún með Val.

Dagný kannast vel við það að spila erlendis en hún lék m.a. með Bayern Munchen um tíma. „Það er draumur að rætast að koma til félags sem

ég hef haldið með allt mitt líf. Það er búið að taka mjög vel á móti mér hér og mér líður eins og heima hjá mér,“ sagði Dagný við undirskriftina.

Ollie Harder, stjóri West Ham, sagði að hann sé mjög ánægður með að Dagný sé komin. Hann telur hana passa fullkomlega í hópinn og segir að það sé mikill kostur að hún hafi verið stuðningsmaður liðsins lengi. Hún þekkir félagið og hefur ástríðu fyrir því.

Frétt af vef Fótbolta.net

Dagný í búningi West Ham. Ljósmynd af vefsíðu West Ham.



# Vatnsklasi Afmælisritið Stóraborg gefið út í tilefni af 100 ára afmæli Þórðar í Skógum

Við tölum oft um hversu mikils virði, sjávarútvegurinn er okkur, ferðaþjónustan og hin magnaða náttúra landsins, en við tölum minna um vatnið okkar.

Sjávarútvegurinn hefur síðustu ár farið í mikla vinnu þar sem hagræðing, arðsemi, umhverfismál og nýsköpun hafa verið sett í öndvegi. Þessi vinna og þessi þróun hefur skilað því að íslenskur sjávarútvegur og íslensk nýsköpun í sjávarútvegi af öðru ber. Þar hafa margir lagst á árar, en þó er óhætt að nefna sérstaklega Íslenska sjávarklasann sem vakið hefur verðskuldaða athygli hérlendis sem erlendis.

Íslensk ferðaþjónusta er óumbeðið að fara í gegnum mikla umbreytingu sem vafalaust mun taka nokkurn tíma. Þessi umbreyting á án nokkurs vafa eftir að gera ferðaþjónustuna, sterkari sem atvinnugrein, þroskaðri, arðbærari og umhverfisvænni. Nýsköpun verður leiðarstefið í þeirri spennandi vegferð.

Náttúra landsins er að fá nauðsynlega vernd í formi friðlýsinga, sem nú eru sérstakt átaksverkefni. Margt hefur verið friðlýst sem góð sátt er um, annað er umdeilt. Allt er þetta mjög eðlilegt á þeirri vegferð sem hafin er. Við þurfum að hlusta, breyta, aðlaga og bera virðingu fyrir ólíkum skoðunum. Um markmiðið held ég að flestir séu sammála, náttúru Íslands ber að vernda og nýta á skynsaman hátt.

En hvað með vatnið okkar? Í mínum huga hefur vatnið jafn mikið virði fyrir framtíð okkar og tekjumöguleika og sjávarútvegurinn, ferðaþjónustan og náttúra landsins.

Við höfum sett upp sjávarklasa, landbúnaðarklasa og ferðaklasa. Þar er skapandi fólkí búin aðstaða og stuðningur og þar hafa mörg frábær verkefni tekið sín fyrstu skref. Verkefni sem hafa breyst úr hugmynd í vöru eða þjónustu. Nýsköpun á Íslandi er kraumandi pottur hugmynda, framkvæmda og óþrjótandi tækifæra.

Það er tímabært að skapandi fólk fari að vinna markvisst með eina af okkar dýrmætustu auðlindum, vatnið. Virði vatnsins okkar liggur ekki aðeins í átöppun á flöskur.

Guðmundur Ármann.



Í tilefni af 100 ára afmæli Þórðar Tómassonar í Skógum gefur Bókaútgáfan Sæmundur út afmælisritið Stóraborg; Staður mannlífs og menningar. Þórður fæddist í Vallnatúni þann 28. apríl 1921. Foreldrar Þórðar voru þau Kristín Magnúsdóttir og Tómas Þórðarson sem voru

bændur og voru systkinin fjögur talsins. Þórður hóf störf við Skógasafn árið 1959 og var forstöðumaður Skógasafn í ríflega sextíu ár.

#### Bókin í veglegu broti

Almenningi býðst að heiðra hinn aldargamla höfund með

því að skrá sig á kaupendalista, svokallaða Tabula gratulatoria. Bókin sem verður um 200 síður í stóru broti kostar í forsölu 5000 krónur og er frestur til að senda inn nöfn til og með 26. febrúar næstkomandi. Greitt er við afhendingu bókar.

**ÞÓRRABLÓT  
SUNNLENDINGA  
2021  
BEINU STRÆYMI  
6. FEBRÚAR**

**GUÐNI ÁGÚSTSSON  
ÓLAFÍA HRÖNN  
SÓLI HÓLM  
PÉTUR ÖRN  
UNNUR BIRNA**

Sub. EHF ISLENSKA GAMAFÉLAGIÐ kjörís fremst í framfarir þessara ára tix IS

# 82%

Sunnlendinga  
lesa Dagskrána  
í hverri viku



## Laus staða hjá Selfossveitum

**Selfossveitur reka hita- og vatnsveitu Sveitarfélagsins Árborgar. Fyrirtækið er til húsa að Austurvegi 67.**

Selfossveitur óska eftir starfsmanni á sviði hita- og vatnsveitu. Starfið hefur starfsheitið *Víðhalds- og verkefnisstjóri* og heyrir undir veitustjóra vatns- og hitaveitu

### Helstu verkefni og ábyrgð

#### Hita- og vatnsveita:

- Umsjón með viðhaldskerfi hita- og vatnsveitu
- Umsjón og eftirlit með tæknibúnaði vatns- og hitaveitu
- Innkaup á búnaði og verkefnastjórnun tengd því
- Umsjón með gagnagrunnum vegna orkuöflunar, vatnsöflunar og dreifingar.
- Sinnir rekstrarverkefnum tengdum orkuöflun, vatnsöflun og dreifingu.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Tæknimenntu sem nýttist í starfi eins og vélfræðingur, véltæknifræðingur eða annað sambærilegt
- Reynsla og þekking á veitustarfsemi er kostur
- Hafi góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Hafa góða íslensku- og enskukunnáttu
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni
- Góð tölvukunnáttu

Frekari upplýsingar um starfið veitir Sigurður Þór Haraldsson í síma 480 1500 eða netfang [sigurdur@arborg.is](mailto:sigurdur@arborg.is). Umsóknarfrestur er til og með 14. febrúar 2021. Sótt er um starfið á ráðningarvef sveitarfélagsins <http://starf.arborg.is>.

## Glæsileg viðtalsaðstaða í Fjölheimum

Í Fjölheimum á Selfossi hefur verið opnuð glæsileg aðstaða fyrir meðferðaraðila. Aðstaðan skapar tækifæri fyrir fagaðila til að útvíkka starfsemi sína og bjóða upp á þjónustu á Selfossi t.d. einn dag í viku. Nú þegar hefur sálfræðingur til að mynda nýtt sér aðstöðuna fyrir starfsemi sína. „Það er von okkar að með því að bjóða upp á viðtalsherbergi til leigu staka daga verði í boði aukin þjónusta fagaðila á ýmsum sviðum við íbúa á Selfossi og nágrenni“, segir í tilkynningu frá Fjölheimum.

Í Fjölheimum er nú þegar viðamikil starfsemi á ýmsum sviðum. Stærstu stofnanirnar sem þar hafa aðstöðu nú er m.a. Háskólafélag Suðurlands, Fræðslunet, Símenntun á Suðurlandi, Birta starfsendurhæfing Suðurlands og Markaðsstofa Suðurlands. Þá er fjöldi minni aðila sem leigir skrifstofu-pláss undir starfsemi sína.



## Höfuðstöðvar Byggðasafns Árnesinga taka á sig mynd

Framkvæmdir ganga vel við Búðarstíg 22 á Eyrarbakka, svokölluðu Alpan-húsi, þar sem höfuðstöðvar Byggðasafns Árnesinga, skrifstofur og varðveisluaðstaða, verða í framtíðinni. Um þessar mundir eru smiðir að setja járn á eldri hluta

byggingarinnar, málari er að störfum innandyrna, einnig pípulagningamenn og rafvirkjar. Stefnt er að verklokum í apríl. Breyting til batnaðar verður á starfsemi Byggðasafns Árnesinga með tilkomu þessarar aðstöðu. -gpp



## AUGLÝSING UM ÚTBOÐ



Fasteignafélag Árborgar óskar eftir tilboðum í framkvæmdina:

**Fjölnota íþróttahús, Árborg - verkframkvæmd - frágangur innanhúss, útboð nr. 21055.**

### Lauslegt yfirlit yfir verkið:

Verkefnið felur í sér fullnaðarfrágang á lagningu gervigrass í fjölnota íþróttahúsi á Selfossi. Gervigras skal vera á fyrrihuguðum knattspyrnuvelli (auk öryggissvæðis) og á afmörkuðu geymslusvæði meðfram norðurgafllveggi hússins, samtals u.þ.b. 4100 m<sup>2</sup>. Þá skal koma fyrir frjálsíþróttasvæði á svæði við suðurenda húss, 1268 m<sup>2</sup> með malbik sem undirlag. Gera skal ráð fyrir stökkgröfju inni á frjálsíþróttasvæði, stærð 9,8 m<sup>2</sup> ásamt kastbúrum fyrir frjálsar íþróttir. Leggja skal göngubraut umhverfis gervigrasvöll. Íþróttasvæði skal skipt upp með netum og tjöldum.

Verktaki kemur að framkvæmdasvæði þegar verið er að reisa fjölnota íþróttahús. Samræma þarf framkvæmd verks við verkáætlun núverandi verktaka á svæði. Samræming fer fram með byggingarstjóra framkvæmdar.

**Upphaf framkvæmda:** Framkvæmd hefst þegar verkkaupi hefur með formlegum hætti tekið tilboði bjóðanda.

**Lok framkvæmda:** 13. júlí 2021.

Skilyrði þátttöku eru nánar útskýrð í útboðsgögnum sem verða afhent á rafrænu formi frá og með þriðjudeginum 2. febrúar 2021. Þeir sem hyggjast taka þátt í útboðinu skulu hafa samband við Gunnar Kristjánsson hjá Verkís hf. með tölvupósti í netfangið [gk@verkis.is](mailto:gk@verkis.is) og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang sitt og fá útboðsgögnin í kjölfarið send í tölvupósti.

Gögnum þátttakenda skal skila inn rafrænt á verkefnavef verkkaupa fyrir kl. 11.00 föstudaginn 19. febrúar 2021. Fyrirmælum varðandi skil gagna er nánar lýst í útboðsgögnum.

Mannvirkja- og umhverfissvið Árborgar



## ML fær fimmta Grænfánann!

Þann 26. janúar fengum við í ML fimmta Grænfánann okkar við hátíðlega en fámenna athöfn fyrir utan skólann. Það var Sigurlaug Arnardóttir frá Landvernd sem færði nokkrum nemendum úr umhverfisnefndinni fánann og viðurkenningar-skjal. Við erum afar stolt af umhverfisstarfi okkar síðastliðin 13 árin og margt gott hefur komið út úr því starfi. Á síðasta tímabili unnum við færðir nokkrum heimt á Langamel með því að planta trjám og grasi. Við rædd-

um mikið um hvernig hægt sé að auka mat úr héraði í mótuneyti skólans. Við tókum þátt í Umhverfis Suðurland og Y.R.E (young reporters for the environment) og höldum því áfram. Við viljum gjarnan minnka matarsóun með mismunandi leiðum og höfum rannsakað kosti og galla sörpkvarnar mótuneytisins. Það er í mörg horn að líta þegar um er að ræða heimavistarskóla í sveit. Við höfum lært í gegnum verkefni okkar að við þurfum að taka tillit til margra þátta og

huga að umhverfisáhrifum aðgerða okkar, en einnig að efnahagslegum þáttum og gæta að jafnrétti í hvívetna. Það að vera í umhverfisnefnd er því heilmikið nám í að leita lausna sem allur skólinn getur sætt sig við.

Við höldum ótraud áfram að vinna að verkefnum í þágu náttúrunnar og hvetjum alla til að gera slíkt hið sama.

Heiða Gehringer,  
formaður  
umhverfisnefndar ML

## Heitavatnsöflun rædd í Bláskógabyggð

Á fundi framkvæmda- og Aveitunefndar Bláskógabyggðar sem haldinn var 18. janúar sl. var rætt um mikilvægi þess að afla meira af heitu vatni í Reykholti og á Laugarvatni. Í Reykholti hefur mikil uppbygging átt sér stað á síðustu árum en á síðasta ári átti sér stað mikil stækkun á þrem garðyrkjustöðvum eða um 9000 m<sup>2</sup>, einnig er frekari uppbygging framundan í Reykholti. Sú uppbygging sem átt hefur sér stað og framundan er kallar á að afla sé meira af heitu vatni. Á Laugarvatni hagar því þannig til að nóg er af heitu vatni en mikil útfelling á sér stað í vatninu með miklum óþægindum fyrir veituna og neytendur. Veitustjóra og sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs var falið að hefja viðræður við Orkustofnun um mögulegar leiðir.

Á myndunum má sjá hverasvæðin í Reykholti og á Laugarvatni.



Laugarvatn.



Reykholt.

## Óvissa um skiptingu fjármagns til Sóknaráætlana landshlutanna

Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga kom fram að óvissa væri um hvernig 100 m. kr. viðauka við fjárlög yrði skipt á milli landshluta. Við gerð fjárlaga fyrir árið 2021 var samþykkt að veita aukalega 100 m. kr. í sóknaráætlunir landshlutasamtaka. „Hvernig þeim fjármunum verður skipt á milli landshlutanna liggur ekki fyrir á þessari stundu og því ríkir óvissa um hversu

mikið kemur í hlut hvers landshluta. Á fundinum var jafnframt farið yfir ólíkar sviðsmyndir varðandi rekstur Sóknaráætlunar árið 2021, m.a. hvernig skipting fjármuna ætti að vera á milli úthlutana til menningar og atvinnu- og nýsköpunar hjá Uppbyggingarsjóði Suðurlands og áhersluverkefna.

Þau áhersluverkefni sem unnið verður að á yfirstandandi ári hafa verið ákveðin þessi:

„Niðurstaða stjórnar SASS er að á yfirstandandi ári skuli unnið að eftirfarandi áhersluverkefnum: Umhverfis Suðurland, Hamingjulestin, Fyrirtækja- og íbúakannanir, Sóknarfæri - leiðin á markað, Svæðisskipulag Suðurlandis, Orkídea, Ölfus cluster og Svæðismörkun Katla UNESCO Global Geopark. Samtals áætlaður kostnaður við vinnslu framangreindra verkefna er 44,5 m.kr.“

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



ÖLFUS

### Auglýsing á skipulagstillögum í sveitarfélaginu Ölfusi

Eftirtaldir skipulagstillögur voru samþykktar til auglýsingar skv. 1. málsgrein 41. grein skipulagslaga nr. 123/2010, á 287. fundi bæjarstjórnar þann 28. janúar 2021:

**Tillaga að deiliskipulagi í landi Kirkjuferjuháleigu**  
Tillagan fjallar um 3 nýjar lóðir til uppbyggingar í landi Kirkjuferjuháleigu sem eru á bilinu 2 til 4 ha.

#### Deiliskipulag fyrir Þóróddsstaði 2 lóð H

Deiliskipulagið markar byggingarreiti fyrir íbúðarhús, bílskúr samtals allt að 280 fermetra. Auk þess gestahús allt að 50 fermetra og stakstæðan bílskúr allt að 130 fermetra. Gert er ráð fyrir trjá- og garðrækt á svæðinu.

#### Breytingartillaga á deiliskipulagi fyrir Kinn í Ölfusi

Með deiliskipulagsbreytingunni er skipan byggingarreita breytt. Heimilt verður að reisa ný gróðurhús. Byggingarreit-ur fyrir skemmu, véla- og tækjageymslu sem er á gildandi skipulagi er felldur niður.

#### Breyting á deiliskipulagi í landi Ferjukots

Breytt deiliskipulag fyrir Ferjukot gerir ráð fyrir að byggja megi 6 lítill ferðaþjónustuhús og eitt aðstöðuhús á lóðinni.

Tillögurnar verða til kynningar á skrifstofu sveitarfélagsins Ölfuss frá 3. febrúar til 18. mars 2021. Frestur til að gera athugasemdir er til 18. mars 2021 á netfangið skipulag@ölfus.is.

Eftirtaldir skipulagslýsingar voru samþykktar til auglýsingar skv. 40. grein skipulagslaga nr. 123/2010, á 287. fundi bæjarstjórnar þann 28. janúar 2021:

#### Skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar deiliskipulagsgerðar Grímslækjarheiði - Sögusteinn

Lýst er fyrirhuguðu deiliskipulagi sem gerir ráð fyrir að sumarhúsaloðir og útivistarsvæði innan reitsins verði að íbúðarhúsaloðum í samræmi við gildandi aðalskipulag.

#### Skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar deiliskipulagsgerðar fyrir Árbæ 4 í Ölfusi

Skipulagslýsingin fjallar um fyrirhugað deiliskipulag sem heimilar að byggja íbúðarhús og frístundahús á lóðinni, til viðbótar við þær byggingar sem þar eru fyrir.

Skipulagslýsingarnar verða til kynningar á skrifstofu sveitarfélagsins Ölfuss frá 3. febrúar til 3. mars 2021. Frestur til að gera athugasemdir er til 3. mars 2021 á netfangið skipulag@ölfus.is.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi

## FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG  
ÁRNESSÝSLU**  
Símatími alla virka daga  
frá kl. 13:00 til kl. 16:00  
sími 788 0300.

**AI-Anon Selfossi**  
AI-Anon fundir á þriðjudögum  
kl. 20:00, nýliðafundur  
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

**AI-Anon**  
AI-Anon fundur - Einn dagur  
í einu. Laugardagsmorgnum  
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

**AA**  
Mán. kl. 21 - AA fundur  
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlafundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur  
Sun. kl. 11 - AA fundur  
Sun. kl. 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

**AA Sporgöngufólk f. alla**  
Bókasafn  
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 11-12 sunnudag.

**AA opin fundur f. alla**  
Kirkjan kjallari  
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 fimmtudag.

**OA**  
Áttu erfitt með að hætta að  
borða? OA 12 spora fundir  
Overeaters Anonymus alla  
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

**CoDA**  
Bataleið frá meðvirkni  
Fundir alla laugardaga  
kl. 10:30.  
Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

**Leiðin út á þjóðveg**  
Fundir í Rauðakrosshúsinu  
Hveragerði, efri hæð,  
fimmtudaga kl. 20:30.

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS  
S. 482 1944 - dfs@dfs.is

## BÍLAR

**KIETTUR**  
Bifreiðaverkstæði  
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi  
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og  
almennar bílaviðgerðir.  
Hjólástillingar  
HEKLA  
Dekkja- og smurþjónusta  
Sími 482 4069

**AB SKÁLINN**  
Gagnheiði 11  
800 Selfossi  
Sími 482 2200  
GSM 894 2277  
Fax 482 2777  
Yfirbyggingar - Réttingar  
Bílamálun - Rúðuskipti

## ÞJÓNUSTA

**BR FLUTNINGAR**  
S: 662-1122  
Daglegar ferðir  
SELFOSS - REYKJAVÍK  
SUÐURLAND

## ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði  
Gagnheiði 51, Selfossi  
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

**KJARNABÓKHALD**

Bókhald • Framtöl • Skattskil  
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

## Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf  
skattskil

Þjónusta við  
einstaklinga og  
fyrirtæki  
Persónuleg þjónusta

## HEILSA

Nudd -  
Svæðanudd

Dáleiðsla

Augnlestur og  
heilsuráðgjöf

Einföld en áhrifarík  
ráð við ýmsum  
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni  
Miðgarði, Austurvegi 4,  
Selfossi.

Heiðar Ragnarsson  
Sími 898 1501

LJÓSMYND  
PRENTUN

Allar algengustu  
stærðirnar

prentmet  
heilðarlausnir í prentun  
Sími 482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is

Slæm staða talmeinafræðinga  
- Biðtími eftir talþjálfun lengist

Þessa stundina standa yfir viðræður á milli Félags talmeinafræðinga á Ísland (FTÍ) og Sjúkratygginga Íslands (SÍ) vegna rammasmunings um þjónustu talmeinafræðinga. Í nóvember 2017 var sett inn ákvæði um skilyrði fyrir tveggja ára starfsreynslu fullgildra talmeinafræðinga til að komast á samning hjá SÍ. Framkvæmdin hefur verið á þann veg að nýtskrifuðum talmeinafræðingum er meinað að vinna sjálfstætt með öðrum reyndum talmeinafræðingum á einkareknum stofum. Fyrst þurfa þeir að vinna í tvö ár sem launþegar ef slíkar stöður standa til boða. Stöðurnar er stundum hægt að finna hjá sveitarfélögum, spítölum og endurhæfingarstöðvum en þær eru af skornum skammti, sérstaklega utan höfuðborgarsvæðisins. Nýliðun talmeinafræðinga á landsbyggðinni hefur verið takmörkuð undanfarin ár og með þessari framkvæmd er verið að gera nýtskrifuðum talmeinafræðingum enn erfiðara fyrir að starfa úti á landi. Það er sorgleg staðreynd að með þessu nýja ákvæði, sem SÍ neita að taka út, er verið að skerða þjónustu við mjög viðkvæman hóp þar sem skjólstaðingar sjálfstætt

starfandi talmeinafræðinga eru að mestu leyti börn og unglingar með alvarlegar málþroskaraskanir, framburðarfrávik, þroskaferðingu, stam o.fl. Talmeinafræðingar á einkareknum stofum þjónusta einnig fullorðna einstaklinga eftir heilablóðfall eða heilaskaða, einstaklinga með kyngingartregðu og raddvandamál svo fátt eitt sé nefnt.

## Talþjálfun Suðurlands

Á Selfossi er starfrækt ein talmeinafræðistofa þar sem þrjú sjálfstætt starfandi talmeinafræðingar vinna í hlutastarfi. Stofan sinnir börnum og fullorðnum einstaklingum af öllu Suðurlandi. Í dag er um 18-36 mánaða bið fyrir leik- og grunn-skólabörn hjá Talþjálfun Suðurlands og nú bíða um 250 börn af Suðurlandi eftir talþjálfun. Nýtskrifaður talmeinafræðingur sem búsettur er á Selfossi og vill starfa í sínum heimabæ fær ekki samning við SÍ. Takmörk rammasmunings SÍ gera hinum nýtskrifaða því ekki kleift að vinna sjálfstætt við hlið og undir leiðsögn starfandi talmeinafræðinga með reynslu af þjálfun barna með alvarleg frávik. Mun hann því þurfa að leita annað

með sína sérfræðipækkingu. Þegar þetta er skrifað eru þrjú af 18 nemum í talmeinafræðum frá Selfossi og munu þeir ekki geta sótt um vinnu hjá Talþjálfun Suðurlands vegna þessa ákvæðis. Hér skal tekið fram að nýtalmeinafræðingur hefur lokið fimm ára háskólanámi ásamt sex mánaða handleiðslu og hefur fengið starfsleyfi hjá Landlækni.

Það er því fyrirséð að biðlistinn eftir talþjálfun á Suðurlandi muni lengjast enn meira og sér ekki fyrir endann á þeirri þróun.

Þetta nýja ákvæði hefur  
slæm áhrif á Suðurland

Þau áhrif sem þetta ákvæði hefur á Suðurland, sem og aðra landsbyggðarluta, eru mjög slæm.

Það má gera ráð fyrir að 1 af hverjum 14 börnum eigi við málþroskröskun (DLD) að stríða. Barn sem greinist við 3 ára aldur með málþroskaröskun þarf því að bíða þar til það verður 4-6 ára eftir þjónustunni. Rannsóknir hafa ítrekað sýnt fram á mikilvægi snemmtækra iðlutunar og eru því fyrstu árin í æviskeiði barnsins kritísk þegar kemur að talþjálfun. Svona langur biðtími er því skaðlegur og getur haft mjög slæm áhrif á nám barnsins síðar meir.

Til lengri tíma litið er allra hagur að hægt sé að anna eftirspurn og afgreiða hvert mál á styttri og markvissari tíma en nú er gert. Þetta tveggja ára ákvæði í rammasmunings er algerlega á skjön við þá þörf sem er á þjónustu á landinu öllu. Þessi langa bið eftir þjónustu talmeinafræðinga er einfaldlega ekki boðleg. Hér er breytinga þörf.

Art á Suðurlandi  
með tryggt fjármagn til eins árs

Í fundargerð Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga kemur fram að stjórnin fagni því að félags- og barnamálaráðherra hafi tryggt verkefninu nægilegt fjármagn til eins árs. Þá leggur stjórn jafnframt áherslu á að verkefninu sé tryggt fjármagn til fleiri ára í framhaldinu. „Stjórn hvetur félags- og barnamálaráðherra til að ganga strax frá nýjum samningi og að gildistími samningsins sé til fimm ára þannig að hægt verði að eyða óvissu og halda áfram þessu mikilvæga verkefni í þágu fjölskyldna og barna. Þörfin fyrir ART verkefnið er alltaf til staðar og COVID-19 ástandið hefur enn frekar undirstrikað mikilvægi þess.“



## AÐALFUNDARBOÐ

Fimmtudagur 11. febrúar 2021.

Stjórn Framsóknarfélags Árnassýslu boðar til aðalfundar, fimmtudaginn 11. febrúar 2021 í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum, kl. 20.00.

## Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins.
2. Starfið framundan.
3. Komandi alþingis- og sveitarstjórnarkosningar.
4. Önnur mál.

Gestir fundarins verða Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, verkefnastjóri Framsóknar í Suðurkjördæmi.

Stjórnin.

# Petta er mikilvægt neyðarkall til þín!

Á þessum óvissutímum senda björgunarsveitirnar frá sér mikilvægt Neyðarkall til stuðnings starfi björgunarsveitanna í landinu.

Taktu vel á móti sjálfboðaliðum okkar næstu daga og stuðlaðu þannig að eigin öryggi og annarra.

Björgunarahundurinn er í aðalhlutverki þetta árið.

Í sölnni núna verða smitvarnir í fyrirrúmi og allt okkar fólk búið grímum, hönskum og spritti.



SIYSAVARNAFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG

### Hreyfing í hundrað daga - átakalaust

Hver kannast ekki við það í upphafi árs að ætla að berjast hatrammlega gegn slægu líkamlegu formi, taka andlegu heilsuna föstum tókum og jafnvel sigra heiminn. Þetta er kannski ekki besta leiðin og oft vantar einhverja hvatningu eða einfaldlega góða leið til þess að loksins komast á rétt ról án átaka. Bláðinu var bent á tvær vinkonur sem hafa hrifið með sér firnin öll af fólki í hreyfingu í skemmtilegri áskorun sem heitir einfaldlega þrjátíu mínútur á dag í hundrað daga. Ég hitti aðra þeirra, Valgerði Jónsdóttur, á dögnum og spjallaði við hana um verkefnið og þátttakendurna.



hversu mögnuð upplifun það var, þá langaði okkur að gera eitthvað meira með þetta. Við ákváðum því að fara áfram aðra 100 daga og stofnuðum í leiðinni Instagram-síðu; 30min100dagar þar sem við hvöttum aðra af stað með okkur. Núna er tæpt ár síðan við stofnuðum þessa síðu og ég hef ekki nákvæma tölu á því hversu margir eru búnir að klára þessa áskorun með okkur þar, en það er fólk hvaðanæva af landinu sem tekur þátt,“ segir Valgerður. Aðspurð að því hvort hún hafi séð þetta fyrir sér að verða öðrum slík hvatning segir hún: Nei, ég get ekki sagt það. Það kom okkur alltaf jafn mikið á óvart þegar fólk fór að fylgja síðunni okkar og í dag eru rúmlega 450 fylgjendur á henni og það finnst mér algerlega magnað. Við fáum fullt af fyrirpurnum hvernig þetta virkar og svo líka mikið af þökkum frá fólki sem er farið af stað eða hefur klárað.

#### Nær heilsunni til baka eftir Covid-19 með átakanu

Við spyrjum hvernig vegferð Valgerðar hefur verið í verkefninu, en Valgerður fékk kórónuveiruna en lét það ekki stoppa sig í að klára. „Ég kláraði mína fyrstu 100 daga í janúar 2020 og var það heilluð af þessu verkefni að ég ákvað að halda áfram 100 daga. Það vatt svo aðeins uppá sig og kláraði ég 365 daga í október 2020, og satt að segja þá er ég farin aftur af stað. Ég fékk það áhugaverða verkefni, þegar ég átti 3-4 daga eftir í að klára heilt ár, að veikjast af Covid-19 og kláraði því áskorunarárið mitt í einangrun. Hreyfingin mín, eftir að hafa fengið veiruna, var að ganga fram og til baka á pallinum mínum. Eftir að ég losnaði úr einangrun þá fannst mér tilvalið að nota þessa áskorun til að ná

heilsunni minni til baka og hikaði ekki við að byrja uppá nýtt,“ segir Valgerður hvetjandi

#### Átakið fyrir alla – átakalaust

Vantrúaður blaðamaðurinn horfir á ofurkonuna og spyr hvort þetta sé fyrir alla. Valgerður er ekki sein til svars: „Ég tel að þetta sé hiklaust fyrir alla. Það var ein 8 ára dama sem kláraði þessa áskorun með mömmu sinni í nóvember og núna er einn 12 ára töffari hálfnaður með mömmu sinni. Við höfum verið svo heppnar að fá að heyra af og fylgjast með fólki á öllum aldri og allstaðar af landinu. Allt þetta fólk hefur verið að stunda ólíka hreyfingu og hver og einn fylgir algerlega sínum markmiðum og áhugamálum. Þetta er líka áskorun sem kostar ekki neitt og krefst einskis nema þinnar ákveðni og staðfestu, segir Valgerður og horfir djúpt í augu blaðamanns, sem líklega þyrfti að skreppa einn hring eða fleiri með þeim stöllum. -gpp

#### Maður fær trú á sjálfan sig

Ég renni í fyrstu spurningu og spyr hvað þetta þýði í raun. Valgerður hugsar sig um og segir: „Þetta er í aðalatriðum það að taka frá tíma fyrir sjálfan sig í 30 mínútur á dag og nota það fyrir einhverskonar hreyfingu. Það þýðir þó ekki að það þurfi að svitna frá sér vitnið, en hreyfingin getur verið allskonar.“

Er þetta ekki ægileg skuldbinding, jafnvel kvöð, spyr ég og strax er efasemdaröðdin farin að sá fræjum sínum. „Ég hef aldrei upplifað þetta sem kvöð, þó þetta taki alveg á. Það þarf slatta ákveðni og dass af þrjúsku til að rífa sig upp úr sófanum þegar íslenska vetrarveðrið öskrar fyrir utan gluggann,“ segir Valgerður og brosir. Hún heldur áfram og segir að hún hafi upplifað þunga daga en aldrei séð eftir því að stíga úr sófanum og af stað. „Í hvert skipti sem þú stendur upp þegar þú nennir ekki af stað, sem sagt stendur með sjálfum þér og ætlar að klára það markmið sem þú settir þér, þá gerist eitthvað innra með manni. Maður fær trú á sjálfan sig,“ segir Valgerður og leggur áherslu á orð sín.

#### Urðu hvatning fyrir fólk hringinn kringum landið

Við ræðum um verkefnið, en það hefur sannarlega blómstrað í höndunum á vinkonunum. „Ég veit í raun ekki hvar eða hvenær þessi áskorun varð til en ég kynntist henni fyrst í október 2019 í gegnum vinkonu mína. Hún var að byrja í sinni áskorun um miðjan október 2019 og var svona dásamleg að mana mig með sér. Þegar við svo kláruðum okkar 100 daga og fundum

**FROST**  
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓUSTA  
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - Sími 464 9400 - WWW.FROST.IS

BRACCH AF VINATU!  
**BYKO** Selfossi  
Fæst hjá

**expert kæling**  
Sími 660 2970  
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum  
Ísskápaþjónustur - Almennar raflagnir

**VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf**  
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980  
*Efnissala Rennismiði Innréttingar Járnsmiði*  
Gagnheiði 5, Selfossi Sími 482 1980

**BÓNFDGAR**  
Gagnheiði 51 - Selfossi  
Símar 482 2327 - 848 2327  
- Sækjum og skilum -

**Hjólbarðapjónusta Magnúsar**  
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151  
**HM**  
Hjólbarðar  
Betri vörur - betra verð

**Jiibbiíi Siggafærðir**  
- Flutningapjónusta -  
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.  
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.  
Reykjavík - Selfoss  
Hella - Hvolsvöllur  
Sími 772 6010

**Sprettur ÁBURÐUR**  
Skeljungur  
Lúðvík Bergmann, Vöskiptastjóri  
GSM: 840 3009

**Rétting og málun**  
Vottað réttingaverkstæði  
Cabas tjónaskoðun  
Breiðumýri 1, Selfossi  
Sími 480 8020

**Bílasprautun - Bílaréttingar Bílrúðuskipti**  
**Bilverk BA**  
- þar sem lagmenningar vinna  
★★★★★ Vottað verkstæði  
Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

**HAGBÓK**  
Sérfræðingar í þína þágu  
Starfsfólk Hagbókar býður upp á alhlíða þjónustu er kemur að verkefnum á sviði rekstrars, fjármála og bókahlds.  
Hagbók ehf. bókhaldsstofa  
Eyravegi 37, 800 Selfoss  
www.hagbok.is s. 480 3340

**D+H BÓKHALD**  
✓ Bókhaldspjónusta  
✓ Skattskil  
✓ Stofnun fyrirtækja  
✓ Framtöl og ársreikningar  
✓ Fyrirtækjaráðgjöf  
Dagbjört Hannesdóttir  
MACC í viðskiptafræði  
dhbokhald@gmail.com  
s. 6933708

**FYLGD** Útfararþjónusta  
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eirisdóttir Elfar F. Sigurjónsson  
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar  
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

**Lagnapjónustan ehf**  
Pípulagnir - Efnissala  
482 2311 696 2311  
Skrifstofa Þjónustusími

**NYTT**  
Vinnuvélanámskeið á netinu!  
www.vinnuvelaskolinn.is